

VERKLAGSREGLUR FYRIR LEIKSKÓLA BORGARBYGGÐAR

1. INNTRITUN

- a) Sótt er um leikskóladvöl á vef Borgarbyggðar: <http://brak.borgarbyggd.is/Leikskoli/>
- b) Sækja má um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Ef skráðir eru tveir leikskólar á umsókn koma báðir til greina við úthlutun. Vakin er athygli á því að réttur til niðurgreiðslu hjá dagforeldri gildir aðeins þar til leikskóladvöl býðst.
- c) Miðað er við að börn geti hafið leikskóladvöl við 18 mánaða aldur. Aðlögun getur hafist hálfum mánuði fyrir.
- d) Dagsetning umsóknar ræður því, að öllu jöfnu, hvenær barn fær úthlutað leikskóladvöl. Þó geta sérstakar aðstæður haft áhrif á úthlutun leikskóladvalar, sbr. gr. 8.
- e) Inntaka barna fer fram allt árið þegar dvalarrými losnar. Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, að jafnaði eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst. Þiggi foreldrar ekki leikskólaplássið strax gefst þeim kostur á að halda því í allt að fjórar vikur svo fremi að greitt sé fyrir það. Ef foreldrar vilja ekki nýta sér það, færast umsóknin aftast á biðlista. Hægt er að sækja um forgang fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja með umsókn um forgang. Ef forgangur er samþykktur fer viðkomandi barn fram fyrir önnur börn sem bíða eftir leikskóladvöl. Hægt er að sækja um forgang vegna:
 - Fatlaðra barna og barna með alvarleg þroskafrávik
 - Barna sem að mati sérfræðinga hafa sérstaka þörf fyrir leikskóladvöl
 - Barna í elsta árgangi leikskólans
 - Barna einstæðra foreldra
 - Barna starfsmanna leikskóla, ef nauðsyn krefur vegna starfsmannahalds leikskólans.

2. SKILYRÐI FYRIR LEIKSKÓLADVÖL

- a) Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili (skv. Þjóðskrá) og föst búseta sé í Borgarbyggð og að foreldrar séu ekki í vanskilum við leikskóla sveitarfélagsins.
- b) Fjölskyldur sem eiga lögheimili utan Borgarbyggðar en hafa tímabundna búsetu í Borgarbyggð vegna náms í skólum í sveitarfélaginu geta sótt um leikskóladvöl í Borgarbyggð. Í þeim tilfellum skal samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Borgarbyggð hlut sveitarfélagsins í leikskólagjöldum liggja fyrir áður en leikskóladvöl hefst. Skólavottorði skal framvísa hjá leikskólastjóra.
- c) Foreldrar sem hyggjast flytja til Borgarbyggðar geta sótt um leikskóladvöl, en barn getur aðeins hafið leikskóladvöl þegar lögheimili hefur verið flutt.
- d) Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið í Borgarbyggð við nám eða störf, geta sótt um tímabundna leikskóladvöl í leikskólum Borgarbyggðar, (þó að hámarki í 3 mánuði á ári hverju). Í þeim tilfellum er úthlutun leikskóladvalar háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að unnt sé að taka við börnum tímabundið. Gjald fyrir slíka þjónustu er um það bil 50% af meðalraunkostnaði við leikskóladvöl barna í leikskólum Borgarbyggðar.

3. LEIKSKÓLAGJÖLD

- a) Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram. Gjald dagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar.
- b) Leikskólagjöld eru ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfa.
- c) Gjaldskrá leikskóla er endurskoðuð árlega og tekur sveitarstjórn ákvörðun um breytingar á henni. Breytingar á gjaldskrá skulu kynntar foreldrum.
- d) Einstæðir foreldrar greiða lægra gjald eins og fram kemur í gjaldskrá og þarf viðkomandi að vera skráður einstæður í Þjóðskrá. Hefji einstæðir foreldrar sambúð skal greiða hærra gjald þegar sambúð hefst. Slíti foreldrar sambúð skal leggja fram vottorð frá sýslumanni og lækkar þá gjald frá næstu mánaðamótum eftir að vottorð berst.
- e) Námsmenn greiða lægra gjald ef báðir foreldrar eru í viðurkenndu lánsnæfu námi, eða fullu námi í framhaldsskóla, og uppfylla kröfur um lágmarks námsframvindu hjá viðurkenndri menntastofnun. Sækja skal um slíka ívilnun til leikskólastjóra. Skila þarf innritunavottorði frá skóla í upphafi hvernar annar. Fræðslunefnd úrskurðar um vafaatriði. Ákvæði þetta gildir ekki um fólk sem stundar vinnu samhliða námi.
- f) Foreldrum/forráðamönnum ber að tilkynna leikskólastjóra um breytingu á högum sínum, s.s. breytt heimilisfang, símanúmer og hjúskaparstöðu.
- g) Ef börn eru ekki sótt á tilskildum tíma án þess að gild skýring liggja fyrir, skal viðkomandi greiða kr. 600,- pr. skipti. Gjaldið verður innheimt með leikskólagjöldum næsta mánaðar.

4. DVALARTÍMI

- a) Opnunartími leikskóla Borgarbyggðar er samkvæmt samþykktum sveitarstjórnar hverju sinni. Upplýsingar um opnunartíma má finna á vef sveitarfélagsins: <http://borgarbyggd.is/starfsemi/fraedslumal/>
- b) Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá Borgarbyggðar og verklagsreglur fyrir leikskóla Borgarbyggðar og skuldbinda sig til að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.
- c) Mælst er til að dvalartími barns í leikskóla sé ekki lengri en 8 klukkustundir á dag.
- d) Ef lögheimili barns er meira en 15 km frá leikskóla er heimilt að skrá barnið í 3ja daga leikskóladvöl í viku og greiða samkvæmt því.
- e) Ef foreldrar óska eftir flutningi milli leikskóla ber að sækja um það til leikskólastjóra þess leikskóla sem barnið dvelur í og fer þá barnið á biðlista í hinum leikskólanum. Gilda þá sömu reglur um innritun.
- f) Hægt er að sækja um breytingar á dvalartíma, hjá leikskólastjóra fyrir 20. hvers mánaðar. Breytingar miðast við mánaðamót og skulu gilda eigi skemur en þrjá mánuði.
- g) Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af leikskólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma sem veikindi vara, gegn framvísun læknavottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur. Sótt skal um til leikskólastjóra.
- h) Ef barn er fjarverandi vegna orlofs í samfelld tvær vikur eða lengur og foreldrar láta vita með hálf mánaðar fyrirvara skal endurgreiða fæðiskostnað fyrir þann tíma sem barnið er í orlofi.

- i) Barn í leikskóla skal taka að lágmarki fjögurra vikna samfellt sumarleyfi ár hvert.
- j) Borgarbyggð niðurgreiðir aðeins vistun barns í einum leikskóla í senn.

5. UPPSÖGN

- a) Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra.
- b) Ef sótt er um leikskóladvöl að nýju fyrir barn sem áður hefur verið í leikskóla í Borgarbyggð þarf að fylla út umsóknareyðublað hjá leikskólastjóra viðkomandi leikskóla.
- c) Ef um 3ja mánaða skuld vegna leikskólagjalda er að ræða skoðast það sem uppsögn á leikskóladvöl.
- d) Leikskólastjóra er heimilt að segja upp leikskóladvöl barns ef ítrekað er farið fram yfir umsamdan dvalartíma og ekki hefur verið farið að tilmælum starfsmanna leikskólans um úrbætur þar á. Veita skal forráðamanni barns skriflega áminningu áður en til uppsagnar kemur.

6. ANNAÐ

- a) Starfsfólk leikskóla Borgarbyggðar er bundið þagnarskyldu. Þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum hjá Borgarbyggð.
- b) Samkvæmt barnaverndarlögum er hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreiti eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Tilkynningaskyldan gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu starfsstétta.
- c) Leikskólar Borgarbyggðar hafa þrjá skipulags- og/eða námskeiðsdaga á hverju skólaári, sem samþykktir eru af fræðslunefnd og skráðir á skóladagatal.
- d) Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi/sérkennslu að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá stuðning/sérkennslu í leikskólanum að undangenginni samþykkt fræðslustjóra. Foreldrar geta óskað eftir þjónustu starfsfólks sérfræðiþjónustu Borgarbyggðar. Leikskólastjóri tekur við umsóknum.
- e) Nánari upplýsingar er varða leikskólamála veitir fræðslustjóri í Ráðhúsi Borgarbyggðar.
- f) Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara verklagsreglna er hægt að vísa málinu til fræðslunefndar.

Reglur þessar voru samþykktar í fræðslunefnd 20.11.2006

Endurskoðaðar reglur tóku gildi 1.2.2012